02.04.19/1903592





Ásýnd frá norðaustri



Ásýnd frá norðvestri

GREINARGERÐ

Almenn lýsing.

Atvinnuhúsið á lóðinni Hringhella 9 (landnr.188812 og staðgreininr. 1400-1-43900090) er tvílyft staðsteypt mannvirki sem er skipt niður í 4 eignarhluta. Á jarðhæð er gert ráð fyrir tveim eignarhlutum í verslunarrými og á efri hæð tveim eignarhlutum fyrir skrifstofur.

Á lóð er gert ráð sorpskýlum fyrir sorpílát. Húsið er hannað á grundvelli algildrar hönnuar.

Burðarvirki
Sökklar , botnplata ,útveggir, berandi innveggir, berandi súlur og stigi á milli hæða eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu . Milliplata og þakplata eru gerð úr forsteyptum holplötum.

Einangrun
Sökklar eru einangraðir með 75 mm plasteinangrun
Botnplata er einangruð með 100 mm. plasteinangrun
Útveggir eru einangraðir að utanverðu með 100 mm steinullareinangrun .
Þakplatan er einangruð með 220 mm. plasteinangrun.

Klæðningar
Útveggir eru klæddir með málmklæðningu og viðurkenndu festingarkerfi .
Þakið er varið með viðurkenndum þakdúk (t vörn) ,sem festur er niður með harpaðri þakmöl(kornastærð 60-80mm)
Gluggar eru úr timbri með tvöföldu K-geri.

Ýmiss atriði
Léttir innveggir eru byggðir með blikkstoðum og klæddir með 12mm sponarplötum og 13 mm gifsplötum sem yfirborð.
Húsið er hitað upp með hefðbundnu ofnakerfi og hitablásarum.
Í votrýmum eru gólfniðurföll.
Hitastig vatns á töppunarstöðum skal ekki vera hærra en 65°C og skal varmabreytir vera í tæknirými hússins.
Í aflokuðum gluggalausum rýmum skal vera loftræsting.
Stiga og svalarhandrið skulu standast ákvæði byggingarreglugerðar B.R .gr. 6.5
Bréflúgur fyrir póst skulu standast ákvæði byggingarreglugerðar gr.6.13.1
Gler skal uppfylla gr.8.5.2. í byggingarreglugerð og þar sem gler er nær gólfi en 60cm skal vera öryggisgler.

Lyftubúnaður
Í húsunu er komið fyrir fólkslyftu í sérstökum lyftustokk með tilheyrandi lyftugryfju Lyftustokkur skal vera loftræstur . Lyftan er með lyftugetur fyrir 15 manns og burðagetu 1125 kg. Í lyftunni er neyðarhnappur með sjálfvirku símasambandi við 24 tíma vaktþjónustu. Auðkenna skal á skýran hátt notkun lyftu í eldsvoða.

Algild hönnun
Aðkoma að húsinu er um upphitaða gangstíga a.m.k 1.50 m. á breidd. Inngöngudyr í húsið skulu standast öll ákvæði BR gr 6.4.2 og 6.4.3 sem segir að hindrunarlausar breiddir inngangshurða skulu vera minnst 0.83 m og hæð 2.07m. og innihurða minnst 0,8m. með 2.0m hæðar. Þröskuldar við útihurðir /inngangshurðir , skulu ekki vera hærri en 25 mm.
Allar innihurðir í og geymslurýmum skulu vera þröskuldalausar.
Á teikningum eru sýndir hringir með 1.8 m. radius í rýmum sem sýna hvernig aðgengi hreyfihamlaðra er fyrirhugað. Á salernum skal vera a.m.k. 90 sm rými að hlið salerna. Hurðir að baðherbergjum eru sýnd með opnun inn í rýmið. Með auðveldum hætti er unnt að láta hurðir opnast út. Í báðum útitröppum flóttaleiða eru sýnd bíósvæði fyrir hreyfihamlaða.

Stærðarmál
Brúttóflatarmál Mhl 02 1479,0 m²
Brúttorúmmál 5389,9 m³

Brúttóflatarmál Mhl 01 = 1674,7m²
Stærð Mhl 01 + Mhl 02 = 3153,7m²
Lóðarstærð = 14.725,1m²
Nýtingarhlutfall = 0,22

Bílastæðabókhald
Bílastæðakrafa skv skipulagi 1 stæði pr/50m² gerir 29 stæði þar af eitt fyrir hreyfihamlaða
Bílastæði á lóð við Mhl02 eru 30 stæði þar af 1 fyrir hreyfihamlaða
Rafhleðslum við bílastæði verður hagað í samræmi við töflu 6.05 í B.reglugerð, sex stæði og stæði fatlaðra hafi aðgang að hleðslutengli.

Kólnunartölur	Reiknað	Skv. reglugerð
U-gildi útveggja	0.34 Wm² K	0,40 Wm²K
U-gildi útveggja meðaltal	0.74 Wm² K	0,85 Wm²K
U-gildi þaks	0.19 Wm² K	0,20 Wm²K
U-gildi glugga	1.35 Wm² K	2,00 Wm²K
U-gildi hurða	1,50 Wm² K	3,00 Wm²K
U-gildi gólfs	0,24 Wm² K	0,30 Wm²K

BRUNAVARNIR
Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er uppfærð af Brunahönnun slf í mars 2019 fyrir Hringhellu 9, Hafnafirði. Lausnir eru skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013. Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar
Byggingin er tveggja hæða verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Húsið er í notkunarflokki 2 skv. byggingarreglugerð.
Brunahólfun
Meginbrunahólfun
Húsið er eitt meginbrunahólf, um 1380 m² (690 m² hver hæð) en skiptist upp í nokkur brunahólf.
Almenn brunahólfun
Stiga- og lyftuhús ásamt tengdum rýmum eru eitt brunahólf.
Verslanir og lager ásamt tengdum rýmum eru sér brunahólf.
Skrifstofurými ásamt tengdum rýmum eru sér brunahólf.
Tæknirými er sér brunahólf.
Brunaþétt verður í láréttum skilum milli hæða með a.m.k. EI60 frágangi.
Hurðir milli brunahólfa skulu vera sjálflokandi og einungis haldið opnum með viðurkenndum segulgripum.
Burðarvirki
Hæðaskil eru a.m.k. REI60.
Brunamótstaða aðalburðarvirkja er a.m.k. R60.
Brunamótstaða burðarvirkis þaka er a.m.k. R60.
Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).
Flóttaleiðir
Allar flóttaleiðir eru innan við 30 metrar.
Frá verslunarrýmum/lagerum á fyrstu hæð eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir.
Frá skrifstofurýmum á annarri hæð eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir ein er út á svalir og þaðan niður stiga hin er út í gegnum og stigahús. Hringstigi þarf að vera með radius 1,2 metri.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Stjórnstöð og yfirlitsmynd verða í anddyri. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.
Loftræsikerfi
Loftræsikerfi skulu vera skv. DS428.
Settar verða brunalokur (a.m.k. EI60-C) þar sem loftræsilagnir ganga á milli brunahólfa.
Bruna og/eða reyklokur skulu lokast við staðfest boð frá brunaviðvörunarkerfinu.
Þær skulu tengdar prófunarbúnaði skv. DS428.

Reyklosun
Stigahús er reykræst um opanlegan glugga á 2. hæð sem er a.m.k. 1 m².
Reykræsing að öðru leyti er almennt um glugga og hurðar.
Brunaslöngur og slökkvitæki
Brunaslöngur skv. ÍST EN 671 eru settar upp í verslunar- og lagerrými og skrifstofurými sbr. teikningar. Slökkvitæki eru skv. ÍST EN 3 og staðsett við brunaslöngur, t.d. 6 L léttvatn sbr. teikningar og 5 kg kolsýra við rafmagnstöflur í tæknirými.
Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.
Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 5 lux í stigahúsi og útistigum, 1 lux í verslunum, og skrifstofurými en 0,5 lux í tæknirými og salerni fatlaðra.
Útljós verða við útganga.
Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma að byggingunni er góð um Hringhellu.
Slökkvivatnsþörf hefur verið reiknuð skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar og er um 1300 l/mín. Setja þarf upp brunahana þannig að ekki sé lengra en 50 metrar í hann frá byggingu.
Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins
(brunaviðvörunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Hringhellu 9.

Teikningaskrá Aðaluppdrættir						
Númer	Teikniflokkur	Blað	Verkhluti	Teiknað	Yfirfarið	Útgáfa
Aðaluppdrættir						
1	Aðaluppdrættir	L101	Afstöðumynd og byggingarlýsing	BSR	RM	2
2	Aðaluppdrættir	A101	Grunnmynd 1. hæð	BSR	RM	2
3	Aðaluppdrættir	A102	Grunnmynd 2. hæð	BSR	RM	2
4	Aðaluppdrættir	A201	Útlit vestur og norður	BSR	RM	
5	Aðaluppdrættir	A202	Útlit austur og suður	BSR	RM	2
6	Aðaluppdrættir	A301	Snið S.1 - S.4	BSR	RM	
7	Aðaluppdrættir	A302	Snið S.5 - S.6	BSR	RM	
8	Aðaluppdrættir	A601	Skráningartafla og orkurammi	BSR	RM	2

Samþykkt
08.3. apríl 2019
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

Tákn

02.04.2019
SÖKKVI LÍB HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS ehf.

BRUNAHÖNNUN

Digitally signed by Gunnar H. Kristjánsson
DN: cn=Gunnar H. Kristjánsson, o=Gunnar H. Kristjánsson ehf/S Iceland hf/S Iceland, c=Brunahönnun ehf, e=brunahonnun@brunahonnun.com
Reason: I am the author of this document
Location:
Date: 2019-04-02 10:01:Z

Út.	Dags.	Lýsing	Nafn
2	23.03.2019	Innréttingu 1. hæðar breytt í skrifstofur og lager. Brunalýsing uppfærð.	RM
1	05.09.2018	Innkeyrsla á lóð Mhl02 færð í norðurenda lóðar	RM

1:100 0 1 2 3 4 5 m

KRark
Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf.
Hlíðasmári 19 - 2.hæð . 201 Kópavogur . Ísland
S. 564 2255 . Fax. 544.4225
Kt. 581298.3589 . www.krark.is . krark@krark.is

Hringhella 9

Hafnarfjörður

Landnúmer: 188812 | **Staðgreinir:** 1400-1-43900090
Iðnaðarhús

Afstöðumynd og byggingarlýsing

Aðaluppdrættir

Hönnun:	KR	**Verknúmer:**	17152AI
Verkefnastjóri:	KR	**Mælikvarði:**	1 : 500
Teiknað:	BSR	**Dagsetning:**	15.01.2018
Yfirfarið:	RM	**Blað:**	**Útgáfa:**
Samþykkt: Kristinn Ragnarsson Kt. 120944.2669		L101	2

Copyright © KRark_Þessa teikn. er eingöngu ætluð til notkunar á Íslandi

Plot: 01/10/18
Save: 2.4.2019 9:09:50
Skrá: Z:\Verk 2017\02 ATVINNUHÚSN\ÉÐI\01 IÐNAÐARHÚSN\ÉÐI\17152AI-Hringhella 9 Hfj\04 Aðaluppdrættir\17152AI-Hringhella 9 Hfj BT 190305 Ú2.rvt